

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um fatlaða nemendur í framhaldsskólum.

Frá Páli Val Björnssyni.

1. Liggja fyrir tölulegar upplýsingar um það hve margir nemendur, sem skilgreindir eru með skerðingar í grunnskóla, ljúka framhaldsskólanámi samanborið við aðra nemendur?
2. Hvernig hefur því fjármagni sem úthlutað er til framhaldsskóla verið skipt milli fatlaðra nemenda á starfsbrautum og fatlaðra nemenda sem sækja nám á öðrum brautum en starfsbrautum, t.d. bóknámsbrautum?
3. Á grundvelli hvaða þátta er sérstöku fjármagni vegna fatlaðra nemenda úthlutað framhaldsskólum?
4. Hvað hefur verið gert til þess að stuðla að samfellu í þjónustu við fatlaða framhaldsskólanemendur sem þurfa mikla persónulega aðstoð á skólatíma?
5. Hefur hafist formlegt samtal um samvinnu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að kostnaðarþátttöku ríkisins í NPA-samningum framhaldsskólanema á skólatíma?

Skriflegt svar óskast.